

Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lögum á sviði orkumála til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (EES-réttur)

Frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum, nr. 30/2008, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laga þessara er að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og skapa skilyrði fyrir viðskipti með upprunaábyrgðir á orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum, s.s. raforku, vetni, hitun, kælingu eða samvinnslu raf- og varmaorku.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

1. Á eftir orðinu „jarðvarmaorka“ í 1. tölul. kemur: umhverfisorka,.
2. 4. tölul. orðast svo: *Upprunaábyrgð á orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum*: Staðfesting á að orka sé framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, þ.m.t. vindorku, sólarorku, jarðvarmaorku, umhverfisorku, öldu- og sjávarfallaorku, vatnsorku og orku úr lífmassa, hauggasi, gasi frá skólphreinsunarstöðvum og lífgasi, en ekki orkugjöfum úr jarðefnaeldsneyti.
3. Við bætist nýr 7. tölul. svohljóðandi: *Umhverfisorka*: Náttúruleg varmaorka og orka sem safnast saman fyrir í umhverfinu á afmörkuðu svæði, sem hægt er að geyma í andrúmslofti, þó ekki í útblásturslofti, eða í yfirborðs- eða skólpmatni.
4. Við bætist nýr 8. tölul. svohljóðandi: *Fjarhitun eða fjarkæling*: dreifing varmaorku í formi gufu, heits vatns eða kældra vökva frá miðlægum eða dreifstýrðum framleiðslustað með neti til margra bygginga eða mannvirkja til að hita eða kæla rými eða fyrir vinnsluvarma eða kælingu.
5. Við bætist nýr 9. tölul. svohljóðandi: *Endurnýjanlegt gas*: Loftkennt eldsneyti framleitt úr endurnýjanlegum orkugjöfum, þar með talið endurnýjanlegt vetni, lífgas og lífmetan.
6. Við bætist nýr 10. tölul. svohljóðandi: *Upprunaábyrgð*: rafrænt skjal sem notað er til að sanna fyrir kaupanda að tiltekið hlutfall eða magn orku hafi verið framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „raforku“ í fyrirsögn kemur: orku.
- b. Í stað orðsins „raforku“ í 1. mgr. kemur: orku
- c. Í stað orðsins „raforka“ í 2. mgr. kemur: orka.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „raforku“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: orku.
- b. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Upprunaábyrgð skal gefa út á rafrænu formi.
- b. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Skal form og efni slíkra upprunaábyrgða vera í samræmi við ákvæði laga þessara og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB frá 11. febrúar 2004 um að auka samvinnslu raf- og varmaorku sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum og um breytingu á tilskipun 92/42/EBE.
- c. Í stað orðsins „raforku“ í 2. mgr. kemur: orku.
- d. Á eftir 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Upprunaábyrgðir skulu gilda í 12 mánuði frá því að viðkomandi orkueining var framleidd. Landsnet hf. skal sjá til þess að allar upprunaábyrgðir sem ekki hafa verið afturkallaðar renni út eigi síðar en 18 mánuðum frá framleiðslu orkueiningarinnar. Framleiðendur skulu afturkalla upprunaábyrgðir eigi síðar en sex mánuðum eftir lok gildistíma upprunaábyrgðar.

Landsneti hf. ber að tryggja að útgáfa, framsal og afturköllun upprunaábyrgða sé í samræmi við staðalinn CEN – EN 16325.

5. gr.

Í stað orðsins „raforku“ í 1. og 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: orku.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. 1. tölul. orðast svo: Upplýsingar um viðkomandi framleiðslueiningu, þ.m.t. auðkenni, staðsetningu, gerð, framleiðslugetu og dagsetningu þegar framleiðslueining hóf starfrækslu.
- b. Í stað orðsins „raforka“ í 2. tölul. kemur: orka.
- c. 3. tölul. orðast svo: Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa af heildarframleiðslu orku í viðkomandi framleiðslueiningu í samræmi við það tímabil sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr.
- d. 4. tölul. fellur brott.
- e. 5. tölul. orðast svo: Upplýsingar um útgefanda upprunaábyrgðar, útgáfuland, dagsetningu og sérstakt auðkennisnúmer.
- f. Í stað orðsins „raforkan“ í 7. tölul. kemur: orkan.
- g. Í stað orðsins „raforku“ í 8. tölul. kemur: orku.
- h. Við bætist nýr tölul. svohljóðandi: Hvort framleiðslueining hafi fengið fjárfestingastuðning og hvort orkueining hafi notið stuðnings með öðrum hætti frá innlendu stuðningskerfi og hvers konar stuðningskerfi um ræðir.
- i. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Heimilt er að tilgreina einfaldaðar upplýsingar í upprunaábyrgðum frá framleiðslueiningum sem eru minni en 50 kW.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo: Upprunaábyrgðir á orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum eða samvinnslu raf- og varmaorku sem gefnar eru út í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001, skulu viðurkenndar hér á landi. Ber Landsneti hf. að leita staðfestingar á útgáfu upprunaábyrgðar í því landi þar sem ábyrgðin er gefin út, telji fyrirtækið þess þörf.
- b. Í stað orðsins „raforku” í 2. mgr. kemur: orku.
- c. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ekki skal viðurkenna upprunaábyrgðir frá ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins nema þegar Sambandið hefur gert samning við það ríki um gagnkvæma viðurkenningu á upprunaábyrgðum sem gefnar eru út af Sambandinu og samrýmanlegt kerfi upprunaábyrgða hefur verið komið á í því ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, og EFTA ríkin hafa gert samning sem er jafngildur í meginatriðum við það ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, og aðeins þegar um beinan innflutning eða útflutning orku er að ræða.

8. gr.

Í stað orðsins „raforku” í 1. og 2. mgr. laganna kemur: orku.

9. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal útgáfu og framsal upprunaábyrgða, afturköllun og skráningu upprunaábyrgða, upplýsingaskyldu, eftirlit og viðurlög, í reglugerð.

10. gr.

Við 10. gr. laganna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi: Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.

11. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um upprunaábyrgð á orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum.**

II. KAFLI

Breyting á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum

12. gr.

Eftirfarandi orðskýringar bætast við 3. gr. laganna í stafrófsröð:

- i. *Jafningjaviðskipti*: Sala á endurnýjanlegri orku milli notenda með samningi um sjálfvirka framkvæmd og uppgjör, annaðhvort beint eða með milligöngu markaðsaðila.
- ii. *Orkusamfélag*: Óhagnaðardrifið félag um eignarhald og þróun á orkuvinnslu sem byggir á opinni og frjálsri aðild og lýtur raunverulegum yfirráðum félagsmanna eða hluthafa sem eru staðsettir í grennd við orkuvinnsluna. Tilgangur orkusamfélags er að veita umhverfislegan, efnahagslegan eða félagslegan ávinning fyrir aðila.
- iii. *Virkur notandi*: Notandi sem framleiðir endurnýjanlega raforku fyrst og fremst til eigin nota.

13. gr.

Við 16. gr. bætist ný málgrein, svohljóðandi:

Í reglugerð skal fjallað um réttindi, skyldur og starfsumgjörð virkra notenda og orkusamfélaga. Þar skal m.a. kveða á um tæknileg skilyrði tenginga, einfaldað tilkynningarferli vegna nettengingar minni framleiðslueininga, fyrirkomulag mælinga og undanþágur frá þeim, auk viðmiða fyrir einfalda og staðlaða gjaldskrárumgjörð dreifiveitna gagnvart þessum aðilum.

14. gr.

Við 17. gr. a bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Gjaldskrár dreifiveitna skulu sérstaklega taka mið af virkum notendum og orkusamfélögum. Dreifiveitur skulu ekki hindra rétt þeirra til að framleiða, neyta, geyma eða selja eigin raforku.

15. gr.

Við 18. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. tekur ekki til raforkuviðskipta þegar um er að ræða sölu umframorku virkra notenda, jafningjaviðskipti milli slíkra aðila eða raforkuviðskipti innan orkusamfélaga.

16. gr.

Á eftir 18. gr. a kemur nýtt ákvæði, 18. gr. b, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

18. gr. b

Orkusamfélög, virkir notendur og jafningjaviðskipti.

Orkusamfélögum er heimilt að framleiða, neyta, geyma og selja endurnýjanlega raforku, auk þess að deila slíkri raforku sem framleidd er af framleiðslueiningum í eigu samfélagsins milli félagsmanna sinna. Aðild að orkusamfélagi skal byggjast á opinni og frjálsri þátttöku. Raunveruleg yfirráð í orkusamfélagi skulu vera í höndum einstaklinga, lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða viðkomandi sveitarfélags. Þátttaka lögaðila í orkusamfélagi er heimil enda sé þátttaka í samfélaginu ekki meginatvinnurekstur hlutaðeigandi.

Virkum notendum er heimilt að framleiða, neyta, geyma og selja eigin umframraforku, þar á meðal í gegnum jafningjaviðskipti. Virkum notendum er heimilt að starfa í samlagi, svo sem innan sama fjölbýlishúss eða athafnasvæðis.

Jafningjaviðskipti með raforku eru heimil á milli virkra notenda, orkusamfélaga og annarra aðila. Viðskiptin geta farið fram beint eða óbeint með milligöngu þriðja aðila, svo sem sölufyrirtækis eða orkusafnara. Þátttaka í jafningjaviðskiptum hefur ekki áhrif á önnur réttindi eða skyldur samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 31. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „0,9 aurum“ í 1. tölul. kemur: 0,94 aurum.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „2,26 aurum“ í 2. tölul. kemur: 2,35 aurum.

III. KAFLI

Breyting á lögum um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, nr. 40/2013, með síðari breytingum.

18. gr.

1. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Markmið og gildissvið.

Markmið laga þessara er að stuðla að aukinni notkun endurnýjanlegs eldsneytis og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með hagkvæmum og skilvirkum hætti.

Lög þessi gilda um eldsneyti og orku sem notuð eru til að uppfylla skyldur samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra.

Lögin gilda jafnframt um sjálfbærni viðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, gögn og upplýsingar, rekjanleika, vottun, skráningu og eftirlit vegna eldsneytis sem fellur undir lög þessi eða reglugerðir settar á grundvelli þeirra.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 7. tölul. fellur brott.
- b. Eftirfarandi orðskýringar bætast við í stafrófsröð:
 - i. *Eldsneytisbirgir*: Aðili sem í atvinnuskyni afhendir eldsneyti eða orku til notkunar í samgöngum á markaði hér á landi og er gjaldskyldur eða ber ábyrgð á greiðslu kolefnisgjalds samkvæmt lögum um umhverfis- og auðlindaskatta, nr. 129/2009, eða annarra sambærilegra opinberra gjalda af eldsneytinu eða orkunni við innflutning, framleiðslu, aðvinnslu, blöndun eða afhendingu, eftir því sem við á.
 - ii. *Endurnýjanlegt eldsneyti af ólífrænum uppruna*: Fljótandi eða loftkennt eldsneyti sem notað er í samgöngum og orkuinnihald þess er fengið úr endurnýjanlegum orkugjöfum öðrum en lífmassa.
 - iii. *Endurunnið kolefniseldsneyti*: Fljótandi eða loftkennt eldsneyti sem framleitt er úr fljótandi eða föstum úrgangsstraumum af óendurnýjanlegum uppruna eða úr gasi frá vinnslu úrgangs og útblásturslofti af óendurnýjanlegum uppruna.
 - iv. *Fljótandi lífeldsneyti*: Fljótandi eldsneyti sem er framleitt úr lífmassa til notkunar sem orkugjafi, að flutningum undanskildum.
 - v. *Háþróað lífeldsneyti*: Lífeldsneyti sem er framleitt úr hráefni sem er talið upp í A-hluta IX. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001.
 - vi. *Lífeldsneyti sem skapar litla áhættu á óbeinum breytingum á landnýtingu*: Lífeldsneyti úr hráefni sem framleitt var samkvæmt áætlunum um að koma í veg fyrir tilfærsluáhrif lífeldsneytis úr nytjaplöntum til matvæla- og fóðurframleiðslu með bættum starfsvenjum í landbúnaði sem og með ræktun nytjaplantna á svæðum sem áður voru ekki notuð til ræktunar nytjaplantna og sem var framleitt í samræmi við viðmiðanir um sjálfbærni fyrir lífeldsneyti.
 - vii. *Massajöfnunarkerfi*: Kerfi sem gerir kleift að blanda saman sendingum hráefna eða eldsneytis með mismunandi einkenni að því er varðar sjálfbærni og samdrátt í losun

gróðurhúsalofttegunda, enda fylgi upplýsingar um slík einkenni og magn sendinga blöndunni áfram og tryggt sé að sama sending sé ekki talin oftari en einu sinni.

viii. *Rekstraraðili*: Aðili sem hefur umráð yfir hráefni, milliafurð eða eldsneyti sem fellur undir lög þessi eða ber ábyrgð á upplýsingum um sjálfbærni, uppruna, rekjanleika eða losun þess, þar á meðal við framleiðslu, söfnun, vinnslu, blöndun, geymslu, flutning, viðskipti eða afhendingu.

ix. *Gagnagrunnur*: Gagnagrunnur Evrópusambandsins sem notaður er til að tryggja rekjanleika, gagnsæi, skráningu og varnir gegn tvítalningu vegna eldsneytis sem fellur undir EES-reglur um slíkan gagnagrunn.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Söluaðila eldsneytis“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Eldsneytisbirgi.
- b. Í stað orðsins „söluaðili“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: eldsneytisbirgir.
- c. Í stað orðsins „söluaðila“ í 1. og 2. málsl. 3. mgr. kemur: eldsneytisbirgis

21. gr.

4. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Sjálfbærniviðmið, samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda og rekjanleiki.

Rekstraraðilar og eldsneytisbirgjar skulu, eftir því sem við á, sýna fram á að eldsneyti sem fellur undir lög þessi uppfylli viðeigandi skilyrði um endurnýjanlegan uppruna, sjálfbærniviðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, rekjanleika, vottun og skráningu, sé eldsneytið notað til að uppfylla skilyrði 3. gr. eða aðrar skyldur samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra.

Lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti má aðeins telja til markmiða eða nota til að uppfylla skyldur samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra ef sýnt er fram á að viðeigandi sjálfbærniviðmið og kröfur um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda séu uppfyllt.

Sýna má fram á að skilyrði samkvæmt þessari grein séu uppfyllt með gögnum frá viðurkenndu vottunarkerfi, færslum í gagnagrunni ESB, gögnum úr massajöfnunarkerfi, sönnunargögnum frá landsbundnu kerfi eða öðrum gögnum sem Umhverfis- og orkustofnun metur fullnægjandi.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sjálfbærniviðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, massajöfnun, gögn og upplýsingar, vottun, sannprófun, útreikning losunar gróðurhúsalofttegunda, hráefni, framleiðsluferli, rekjanleika og önnur atriði sem nauðsynleg eru til framkvæmdar EES-reglum um sjálfbærni og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda vegna eldsneytis sem fellur undir lög þessi.

22. gr.

Á eftir 4. grein laganna kemur ný grein, 4. gr. a., ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Skráningarskylda í gagnagrunn.

Eldsneytisbirgjum og rekstraraðilum er skylt að skrá upplýsingar um viðskipti og sjálfbærniseinkenni eldsneytis sem lög þessi taka til, þar með talið losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli þess frá framleiðslustað til söluaðila sem setur eldsneytið á

markað. Skráning skal fara fram í gagnagrunn Sambandsins eða landsbundinn gagnagrunn sem er tengdur honum og tryggir tafarlausan gagnaflutning. Um ófullægjandi skráningu í gagnagrunn gilda ákvæði 6. gr.

Skráning samkvæmt 1. mgr. skal, eftir því sem við á, taka til upplýsinga um uppruna hráefna, magn, eiginleika, framleiðsluferli, sjálfbærni viðmið, losun gróðurhúsalofttegunda, vottun, sannprófun, afhendingu á markað og ráðstöfun eldsneytis til tiltekinnar atvinnustarfsemi, allt frá framleiðslustað til eldsneytisbirgis sem setur eldsneytið á markað.

Eldsneytisbirgjar skulu færa í viðeigandi gagnagrunn þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sannreyna að farið sé að skyldum samkvæmt lögum þessum og stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra.

Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd skráningar samkvæmt þessari grein. Stofnuninni er heimilt að krefjast upplýsinga, gagna, leiðréttinga og skýringa sem nauðsynlegar eru til að sannreyna réttmæti skráninga, rekjanleika, sjálfbærni viðmið, og að eldsneyti sé ekki talið fram oftar en einu sinni.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði og framkvæmd skráningar samkvæmt þessari grein, þar á meðal um hvaða aðilar skuli skrá upplýsingar, hvaða upplýsingar skuli skrá, skilafresti, leiðréttingar, varðveislu gagna, sannprófun og aðgang Umhverfis- og orkustofnunar að gögnum.

23. gr.

Í stað orðsins „söluaðilum eldsneytis“ í 5. gr. laganna kemur: Eldsneytisbirgjum.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „söluaðili“ í 1. mgr. kemur: eldsneytisbirgir.
- b. Í stað orðsins „söluaðila“ í 2. mgr. kemur: eldsneytisbirgi.
- c. Á eftir 2. mgr. 6. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Láti rekstraraðili eða eldsneytisbirgir hjá líða að skrá upplýsingar í gagnagrunn skv. 4. gr. a., veiti rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar eða sinni ekki kröfu Umhverfis- og orkustofnunar um leiðréttingu, gögn eða skýringar samkvæmt skal stofnunin senda viðkomandi aðila áskorun um að bæta þar úr innan hæfilegs frests. Frestur til úrbóta skal að jafnaði ekki vera skemmri en þrjár vikur.

Verði ekki bætt úr innan frests skv. 3. mgr. má ekki telja viðkomandi eldsneyti til uppfyllingar skyldna samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra fyrr en fullnægjandi upplýsingar hafa verið skráðar eða úrbætur gerðar.

Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að leggja dagsektir, allt að 500.000 kr. á dag, á rekstraraðila eða eldsneytisbirgi sem verður ekki við áskorun samkvæmt 3. mgr. Dagsektir skulu því aðeins lagðar á að viðkomandi aðila hafi áður verið send áskorun um að bæta úr vanefndum og veittur hæfilegur frestur til þess. Við ákvörðun dagsekta skal höfð hliðsjón af alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi yfir, hvort um ítrekað brot er að ræða, hvort rangar eða ófullnægjandi upplýsingar geti haft áhrif á talningu eldsneytis til markmiða eða skyldna samkvæmt lögum þessum og fjárhagslegum styrk viðkomandi aðila.

Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að leggja stjórnvaldssekt á rekstraraðila eða eldsneytisbirgi sem af ásetningi eða gáleysi veitir rangar eða villandi upplýsingar samkvæmt 4. gr. eða 4. gr. a, enda hafi upplýsingarnar haft eða getað haft áhrif á talningu eldsneytis til markmiða eða skyldna samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra. Stjórnvaldssektir geta numið frá 100.000 kr. til 10.000.000 kr. Við ákvörðun sektar skal m.a. líta til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi yfir, hvort um ítrekað brot

er að ræða, hvort brot hafi verið framið í þágu hagsmuna viðkomandi aðila, hvort aðili hafi haft fjárhagslegan ávinning af broti, hvort hægt hefði verið að koma í veg fyrir brot með eðlilegri stjórnun og eftirliti og hvort gripið hafi verið til ráðstafana til að bæta úr broti.

25. gr.

Við 8. gr. laganna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi: Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.

26. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um endurnýjanlegt eldsneyti.**

IV. KAFLI

27. gr.

Innleiðing á tilskipun.

Með lögum þessum eru tekin upp viðeigandi ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem fellir jafnframt úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB.

28. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytinu í samvinnu við Umhverfis- og orkustofnun. Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 65/2003, lögum nr. 30/2008 og lögum nr. 40/2013, með síðari breytingum vegna innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Um er að ræða tilskipun sem hefur verið felld undir Samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn) með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2025 frá 11. júlí 2025 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn. Með frumvarpinu er verið að gangast undir þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum þar sem teknar eru upp í innlendan rétt viðeigandi ákvæði tilskipunarinnar. Tilskipunin fellir jafnframt úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB.

Frumvarpið felur í sér lagabreytingar til að tryggja lagastoð fyrir innleiðingu tilskipunarinnar og uppfylla þannig lágmarkskröfur sem tilskipunin felur í sér á löggjöf hér á landi. Í aðfaraorðum tilskipunarinnar kemur fram að auki notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum eða endurnýjanlegrar orku sé mikilvægur hluti þeirra ráðstafana sem séu nauðsynlegar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og til að standa við skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum frá árinu 2015 um loftslagsbreytingar í kjölfar tuttugustu og

fyrstu ráðstefnu samningsaðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar („Parísarsamningurinn“) og orku- og loftslagsstefnuramma Evrópusambandsins fram til ársins 2030, þ.m.t. bindandi markmið um að draga úr losun sem nemur a.m.k. 40% niður fyrir gildi ársins 1990 eigi síðar en 2030.

Í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2025 frá 11. júlí 2025 kemur fram að EFTA-ríkin séu ekki hluti af bindandi heildarmarkmiði Evrópusambandsins um hlutdeild af orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í vergri endanlegri orkunotkun Sambandsins fyrir árið 2030. EFTA-ríkin setja þess í stað landbundin leiðbeinandi markmið varðandi endurnýjanlega orku fyrir árið 2030. Í yfirlýsingu EFTA-ríkjanna vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar segir m.a. að Ísland hafi sett sér 80% sem landsbundið leiðbeinandi markmið varðandi endurnýjanlega orku, gefið upp sem hlutdeild af endurnýjanlegri orku í heildarnotkun fyrir árið 2030. Íslenska landsbundna leiðbeinandi markmiðið varðandi endurnýjanlega orku byggir á greiningu og spá Umhverfis- og orkustofnunar til ársins 2030. Raforku- og hitunargeirar á Íslandi byggja á 100% endurnýjanlegum orkugjöfum vatns- og jarðvarmaorku. Íslenska leiðbeinandi markmiðið varðandi endurnýjanlega orku fyrir árið 2030 er sextán prósentustigum hærra en landsbundið markmið um hlutdeild orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum í heildarorkunotkun árið 2020. Þá kemur fram í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar að EFTA-ríkin geti beitt stuðningskerfum til að ná eða fara fram úr landsbundnum leiðbeinandi markmiðum sínum varðandi endurnýjanlega orku sem sett eru fram í tilskipuninni.

Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 er kveðið á um undanþágur fyrir Kýpur og Möltu í formi lægri viðmiðunarmarka þegar kemur að útreikningi á heildarorkunotkun í tengslum við orkunotkun í fluggeiranum. Ísland er afskekkt eyja og eru veglengdirnar milli Íslands og nágrannalandanna langar og gilda því sömu viðmiðunarmörk fyrir Ísland og fyrir Kýpur og Möltu.

Noregur og Ísland eiga hátt hlutfall endurnýjanlegrar raforku. Ísland uppfyllir stóran hluta af eftirspurn sinni eftir hitaveitu með endurnýjanlegum jarðvarmaorkugjöfum og notar endurnýjanlega raforku þar sem jarðvarmaorkugjafar eru ekki til staðar. Því þótti rétt að aðlaga reikniaðferðirnar í tengslum við samþættingu hitunar og kælingar í tilskipuninni að því er varðar EFTA-ríkin.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 30/2008 um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum en verið er að víkka út gildissvið laganna þannig að þau nái einnig yfir endurnýjanlegt gas, þ.m.t. vetni, auk hitunar og kælingar. Upprunaábyrgðir sem gefnar eru út samkvæmt tilskipuninni gegna aðeins því hlutverki að sýna kaupanda fram á að tiltekin hlutdeild eða magn orku hafi verið framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum. Upprunaábyrgð má yfirfæra frá einum handhafa til annars óháð þeirri orku sem hún tengist. Í því skyni að tryggja að eining endurnýjanlegrar orku sé aðeins birt viðskiptavini í eitt skipti ætti þó að forðast tvítalningu og tvöfalda birtingu upprunaábyrgða. Hafi framleiðandi selt upprunaábyrgð vegna orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum, aðskilið frá þeirri orku, ætti ekki að birta eða selja hana til kaupanda sem orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Mikilvægt er að gera skýran greinarmun á grænum vottorðum, sem notuð eru í stuðningskerfunum, og upprunaábyrgðum.

Upprunavottorð frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins falla ekki undir kerfið nema framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi gert samning um gagnkvæma viðurkenningu upprunavottorða við viðkomandi ríki og EFTA-ríkin gert samning sem er jafngildur í meginatriðum við það ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, og aðeins þegar um beinan innflutning eða útflutning er að ræða.

Með frumvarpinu eru einnig lagðar til breytingar á lögum nr. 40/2013, um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, með síðari breytingum, til að innleiða ákvæði tilskipunar (ESB) 2018/2001. Núgildandi lög mæla einkum fyrir um skyldu söluaðila eldsneytis til að tryggja tiltekna lágmarkshlutdeild endurnýjanlegs eldsneytis af orkugildi eldsneytis til notkunar í samgöngum á landi, skilyrði um að slíkt eldsneyti uppfylli sjálfbærniviðmið, gagnaskil til Umhverfis- og orkustofnunar og varðveislu upplýsinga til að rekja megi uppruna endurnýjanlegs eldsneytis. Breytingarnar fela fyrst og fremst í sér að lög nr. 40/2013 verði uppfærð til samræmis við tilskipun (ESB) 2018/2001 og veiti fullnægjandi lagastoð fyrir nánari útfærslu í reglugerð. Þá er lagt til að kveðið verði á um skyldu eldsneytisbirgja og rekstraraðila til að skrá viðeigandi upplýsingar í sameiginlegan gagnagrunn Evrópusambandsins. Markmið slíkrar skráningar er að tryggja gagnsæi og rekjanleika, auðvelda eftirlit og draga úr hættu á að sama magn eldsneytis sé talið oftar en einu sinni. Breytingarnar fela ekki í sér sjálfstæða hækkun á lágmarkshlutdeild endurnýjanlegs eldsneytis eða nýja íblöndunarskyldu umfram það sem leiðir af lögnum og stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra. Þær miða fyrst og fremst að því að skýra hvaða skilyrði eldsneyti þarf að uppfylla til að teljast til markmiða eða skyldna samkvæmt lögnum, hvaða aðilar bera ábyrgð á gögnum, upplýsingum, rekjanleika og skráningu og hvaða heimildir stjórnvöld hafa til eftirlits og nánari útfærslu.

Tilskipun (ESB) 2018/2001 felur í sér ítarlegri reglur en áður giltu um sjálfbærniviðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, rekjanleika og skráningu upplýsinga vegna eldsneytis sem talið er til markmiða eða skyldna um endurnýjanlega orku eða nýtur opinbers stuðnings. Með frumvarpinu er því lagt til að gildissvið laga nr. 40/2013 verði rýmkað þannig að þau taki ekki aðeins til endurnýjanlegs eldsneytis í samgöngum á landi, í þröngum skilningi, heldur einnig til þeirra eldsneytisflokka og þeirra skilyrða sem leiða af tilskipuninni, eftir því sem þau eiga við. Í þessu felst m.a. að bætt er við skilgreiningum á nýjum eða nánar afmörkuðum eldsneytisflokkum samkvæmt tilskipuninni, svo sem háþrúðu lífeldsneyti, lífmassaeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti, endurnýjanlegu fljótandi og loftkenndu eldsneyti af ólífrænum uppruna og endurunnu kolefniseldsneyti.

Með frumvarpinu eru enn fremur lagðar til breytingar á raforkulögum nr. 65/2003, með síðari breytingum. Tilskipunin kveður á um ný hugtök sem lagt er til að lögfesta en um er að ræða hugtökin virkur notandi, orkusamfélag og jafningjaviðskipti. Með því er lagður grunnur að því að einstaklingar, lítil og meðalstór fyrirtæki ásamt sveitarfélögum geti framleitt, geymt, neytt og selt endurnýjanlega raforku, bæði sjálfstætt og í samlagi við aðra. Auk þess er kveðið á um tiltekin réttindi til að stunda jafningjaviðskipti meðal virkra notenda og orkusamfélaga. Þá er lagt til að gjaldskrár dreifiveitna taki sérstakt mið af virkum notendum og orkusamfélögum án þess að vikið sé frá grundvallarreglum um kostnaðarendurspeglun, jafnræði og öruggan rekstur dreifikerfisins. Þá er ráðherra veitt heimild til að kveða nánar á um tæknileg skilyrði tenginga, einfaldað tilkynningarferli vegna smærri framleiðslueininga og staðlaða gjaldskrárumgjörð í reglugerð.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Eins og fram kemur í 1. kafla eru með frumvarpinu lagðar til breytingar á nokkrum lögum sem eru nauðsynlegar til innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og þar með gangast undir þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum.

3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum lögum á sviði orkumála til að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á eftirfarandi löggjöf:

3.1. *Lög um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl., nr. 30/2008.*

Lagt er til að rýmka gildissvið upprunaábyrgða sem eru þegar fyrir hendi fyrir endurnýjanlega raforku þannig að þær nái yfir endurnýjanlegt gas, til að mynda vetni auk hitunar og kælingar. Þá er lagt til að uppfæra skilgreiningu á upprunaábyrgðum sem framleiddar eru með endurnýjanlegum orkugjöfum og bæta við skilgreiningum um umhverfisorku, fjarhitun eða fjarkælingu og endurnýjanlegt gas. Lagt er til að Landsnet hf. muni áfram gegna hlutverki útgáfuaðila upprunaábyrgða á Íslandi og beri að tryggja að útgáfa, framsal og afturköllun upprunaábyrgða sé í samræmi við staðalinn CEN-EN 16325. Þá er kveðið á um að útgáfa, framsal og afturköllun upprunaábyrgða sé með rafrænum hætti og að upprunaábyrgðir skuli gilda í 12 mánuði frá því að viðkomandi orkueining var framleidd. Kveðið er nánar á um efni upprunaábyrgða og lagt til að heimilt verði að tilgreina einfaldaðar upplýsingar í upprunaábyrgðum frá framleiðslueiningum sem eru minni en 50 kW. Enn fremur er kveðið á um að upprunavottorð frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins falla ekki undir kerfið nema framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi gert samning um gagnkvæma viðurkenningu upprunavottorða við viðkomandi ríki.

3.2. *Raforkulög nr. 65/2003.*

Lagt er til að lögfesta hugtökin virkur notandi, orkusamfélag og jafningjaviðskipti. Með því er lagður grunnur að því að einstaklingar, lítil og meðalstór fyrirtæki ásamt sveitarfélögum geti framleitt, geymt, neytt og selt endurnýjanlega raforku, bæði sjálfstætt og í samlagi við aðra. Kveðið er á um tiltekin réttindi virkra notenda og orkusamfélaga, þar með talið til að stunda jafningjaviðskipti. Mælt er fyrir um hlutverk dreifiveitna gagnvart þessum aðilum. Til dæmis skulu gjaldskrár dreifiveitna taka sérstakt mið af virkum notendum og orkusamfélögum, án þess þó að vikið sé frá grundvallarreglum um kostnaðarendurspeglun, jafnræði og öruggan rekstur dreifikerfisins. Þá er ráðherra veitt heimild til að kveða nánar á um tæknileg skilyrði tenginga, einfaldað tilkynningarferli vegna smærri framleiðslueininga og staðlaða gjaldskrárumgjörð í reglugerð.

3.3. *Lög um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi nr. 40/2013.*

Með frumvarpinu er lagt til að markmið og gildissvið laganna verði skýrð nánar, m.t.t. þeirra skilyrða sem eldsneyti þarf að uppfylla í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2001/2018 um tiltekna hlutdeild endurnýjanlegs eldsneytis. Þar er einkum um að ræða kröfur um sjálfbærnivíðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, gögn og upplýsingar, rekjanleika, vottun, skráningu og eftirlit.

Lagt er til skilgreina nokkur ný hugtök í samræmi við tilskipunina. Í stað hugtaksins söluaðili eldsneytis er lagt til að notað verði hugtakið eldsneytisbirgir. Með því er vísað til þess að skyldur samkvæmt reglunum geta tekið til þess aðila sem afhendir eldsneyti eða orku til notkunar í samgöngum á markaði hér á landi og ber, eftir því sem við á, ábyrgð á greiðslu kolefnisgjalds eða annarra sambærilegra opinberra gjalda af eldsneytinu eða orkunni. Jafnframt er lagt til að skilgreint verði hugtakið rekstraraðili þar sem skyldur samkvæmt tilskipuninni hvíla ekki eingöngu á þeim aðila sem setur eldsneyti á markað.

Þá er lagt til að bætt verði við skilgreiningum á eldsneytisflokkum sem tilskipunin tekur til eða gerir sérstakar kröfur um, s.s. háþróað lífeldsneyti, lífmassaeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti, endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna og

endurunnið kolefniseldsneyti. Með því er skapaður skýrari lagagrundvöllur fyrir því hvaða eldsneyti og orku megi telja til uppfyllingar skyldna samkvæmt lögunum og hvaða skilyrði þurfi að vera uppfyllt.

Endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna getur haft þýðingu fyrir aukna hlutdeild endurnýjanlegrar orku í samgöngum þar sem áfram má gera ráð fyrir notkun fljótandi eða loftkennds eldsneytis. Til að slíkt eldsneyti geti talist til markmiða eða skyldna samkvæmt lögunum þarf að tryggja að viðeigandi skilyrði um uppruna orku, framleiðsluferli, rekjanleika, skráningu og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda séu uppfyllt. Nánari reglur um þessi atriði verða settar í reglugerð á grundvelli laganna og í samræmi við þær EES-reglur sem gilda um slíkt eldsneyti.

Lagt er til að mælt verði fyrir um að lífildsneyti, fljótandi lífildsneyti og lífmassaeldsneyti megi aðeins telja til markmiða eða nota til að uppfylla skyldur samkvæmt lögunum ef sýnt er fram á að viðeigandi sjálfbærni viðmið og kröfur um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda séu uppfyllt. Sama gildir, eftir því sem við á, um endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt flutningaeldsneyti af ólífrænum uppruna og endurunnið kolefniseldsneyti, þar sem sýna þarf fram á að viðeigandi kröfur um uppruna, framleiðsluferli, rekjanleika, skráningu og samdrátt í losun séu uppfylltar.

Þá er lagt til að lögfesta ákvæði um sameiginlegan gagnagrunn Evrópusambandsins. Gagnagrunninn er ætlað að tryggja aukið gagnsæi og rekjanleika vegna fljótandi og loftkennds eldsneytis sem talið er til markmiða eða skyldna samkvæmt tilskipuninni. Honum er jafnframt ætlað að draga úr hættu á að sama magn eldsneytis sé talið oftar en einu sinni. Lagðar eru til skyldur á eldsneytisbirgja og rekstraraðila að skrá viðeigandi upplýsingar um viðskipti og sjálfbærnieinkenni eldsneytis í gagnagrunn Evrópusambandsins. Skráning í gagnagrunn er ekki sjálfstætt sjálfbærni viðmið heldur tæki til að sýna fram á, rekja og sannreyna að viðeigandi skilyrði um sjálfbærni, uppruna, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og ráðstöfun eldsneytis séu uppfyllt. Af þeim sökum er í frumvarpinu annars vegar gert ráð fyrir ákvæði um efnisleg skilyrði eldsneytis, svo sem sjálfbærni viðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, vottun og rekjanleika, og hins vegar sérstöku ákvæði um skráningu upplýsinga í gagnagrunn.

Til að tryggja skilvirkt eftirlit er lagt til að Umhverfis- og orkustofnun hafi eftirlit með framkvæmd skráningarskyldu og geti krafist upplýsinga, gagna, leiðréttinga og skýringa sem nauðsynlegar eru til að sannreyna réttmæti skráninga, rekjanleika, sjálfbærni viðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og að eldsneyti sé ekki talið fram oftar en einu sinni. Þá er lagt til að stofnunin geti beint áskorun til viðkomandi aðila um úrbætur og að eldsneyti verði ekki talið til uppfyllingar skyldna samkvæmt lögunum ef fullnægjandi úrbætur eru ekki gerðar innan tiltekins frests. Jafnframt er lagt til að unnt verði að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á skráningarskyldu eða vegna rangra, villandi eða ófullnægjandi upplýsinga.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að nánari útfærsla fari að verulegu leyti fram í reglugerð. Það á meðal annars við um útreikning hlutdeildar endurnýjanlegrar orku í samgöngum, hvaða eldsneyti og orku megi telja til uppfyllingar skyldunnar, takmarkanir á talningu tiltekinna eldsneytistegunda og hráefna, gögn og upplýsingar, skýrslugjöf, sjálfbærni viðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, massajöfnun, vottun, sannprófun, útreikning losunar gróðurhúsalofttegunda, framleiðsluferli og rekjanleika.

Slíkar reglugerðarheimildir eru nauðsynlegar þar sem reglur tilskipunarinnar og tengdra EES-gerða eru að hluta tæknilegar og geta tekið breytingum með síðari gerðum. Með því að

setja meginreglur og skyldur í lög en nánari tæknilega útfærslu í reglugerð er tryggt að framkvæmdin verði bæði skýr og sveigjanleg.

Mat á því hvort gengið sé lengra en lágmarkskröfur EES-reglna

Frumvarpið gengur ekki lengra en nauðsynlegt er til að innleiða viðeigandi ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001. Markmið breytinganna er fyrst og fremst að tryggja fullnægjandi lagastoð fyrir framkvæmd reglna tilskipunarinnar og nánari útfærslur hennar í reglugerðum. Þá felur frumvarpið ekki í sér sjálfstæða hækkun á lágmarkshlutdeild endurnýjanlegs eldsneytis eða nýja íblöndunarskyldu umfram það sem leiðir af gildandi lögum og stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið hefur hvorki gefið sérstakt tilefni til að meta samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, né aðrar alþjóðlegar skuldbindingar en á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

5. Samráð.

Áform um lagasetningu vegna innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2018/2001 fóru í opinbera kynningu í samráðsgátt stjórnvalda 27. janúar 2026 (mál nr. S-16/2026) og bárust ráðuneytinu 10 umsagnir um áformin sem tekið var mið af við gerð frumvarps þessa. Umsagnir um áform eru að mestu jákvæðar í garð þeirra breytinga sem felast í innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2018/2001. Í umsögnum komu m.a. fram sjónarmið um að horfa þyrfti til ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2413 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2001/2018 við innleiðinguna og taka til skoðunar lög nr. 48/2011 um verndar og orkunýtingaráætlun. Þá komu fram þau sjónarmið að greina þyrfti betur áhrif innleiðingarinnar á einkaaðila og opinbera aðila hér á landi.

6. Mat á áhrifum.

[Í vinnslu]

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um markmið laganna sem er að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og skapa skilyrði fyrir viðskipti með upprunaábyrgðir á orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum. Með orkugjöfum er m.a. átt við raforku, gas, þ.m.t. vetni, hitun eða kælingu. Í greininni er þar með verið að rýmka gildissvið upprunaábyrgða sem eru þegar fyrir hendi fyrir endurnýjanlega raforku, þannig að þær nái yfir einnig yfir endurnýjanlegt gas, s.s. vetni.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um skilgreiningar hugtaka samkvæmt frumvarpinu. Skilgreiningar þessar eru til samræmis við skilgreiningar þær sem fram koma í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001.

Um 3. gr.

Í greininni er verið að rýmka gildissvið upprunaábyrgðar þannig að þær nái yfir fleira en raforku.

Um 4. gr.

Í 1. og 2. mgr. er verið að rýmka gildissvið upprunaábyrgðar þannig að þær nái yfir fleira en raforku. Þá er kveðið á um að upprunaábyrgðir skuli gefnar út á rafrænu formi í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2001/2018. Í 4. mgr. er lagt til að mælt sé fyrir um gildistíma upprunaábyrgðar í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. Skulu upprunaábyrgðir gilda í 12 mánuði frá því að viðkomandi orkueining var framleidd. Landsnet hf. Skal sjá til þess að allar upprunaábyrgðir sem ekki hafa verið afturkallaðar renni út eigi síðar en 18 mánuðum frá því viðkomandi orkueining var framleidd. Þá er lagt til að framleiðendur orkueiningar skuli afturkalla upprunaábyrgðir eigi síðar en sex mánuðum eftir lok gildistíma upprunaábyrgðar. Í 5. mgr. segir að Landsneti hf. beri að tryggja að útgáfa, framsal og afturköllun upprunaábyrgðar sé í samræmi við staðalinn CEN-EN 16325.

Um 5. gr.

Í greininni er verið að rýmka gildissvið upprunaábyrgðar þannig að þær nái yfir fleira en raforku.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að uppfæra efni upprunaábyrgðar til samræmis við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2001/2018 og rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái yfir fleira en raforku. Í 2. mgr. er lagt til að heimilt sé að tilgreina einfaldari upplýsingar í efni upprunaábyrgðar frá framleiðslueiningum sem eru minni en 50 kW.

Um 7. gr.

Í 1. og 2. mgr. Er lagt til að uppfæra gildissvið upprunaábyrgðar þannig að þær nái yfir fleira en raforku. Í 3. mgr. er lagt til ekki sé heimilt að viðurkenna upprunaábyrgðir frá ríki utan Evrópska efnahagssvæðinu nema Evrópusambandið hafi gert samning við það ríki um gagnkvæma viðurkenningu til samræmis við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2001/2018.

Um 8. gr.

Í greininni er verið að rýmka gildissvið upprunaábyrgðar þannig að þær nái yfir fleira en raforku.

Um 9. gr.

Lagt er til að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna, þar á meðal varðandi útgáfu, framsal, afturköllun og skráningu upprunaábyrgðar, upplýsingaskyldu, eftirlit og viðurlög.

Um 10. gr.

Í greininni er mælt fyrir um innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, sem fellir jafnframt úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB. Ákvæðið er almenn innleiðingargrein frumvarpsins og tekur til þeirra ákvæða frumvarpsins sem ætlað er að innleiða viðeigandi ákvæði tilskipunarinnar í íslenskan rétt.

Um 11. gr.

Lagt er til að heiti laganna verði breytt til samræmis við rýmkun á gildissviði laganna þannig að upprunaábyrgðir nái ekki einungis til raforku.

Um 12. gr.

Lagt er til að við 3. gr. raforkulaga bætist þrjár nýjar orðskýringar. Með tilskipuninni er lögð aukin áhersla á virka þátttöku neytenda á raforkumarkaði og að einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög geti í ríkari mæli tekið þátt í framleiðslu, geymslu, notkun og sölu raforku úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Nýju skilgreiningarnar mynda grundvöll annarra ákvæða frumvarpsins sem kveða á um réttindi og skyldur þessara aðila auk þess að leggja grunn til að auka hlutdeild almennings í orkuskiptum.

Hugtakið jafningjaviðskipti (*e. peer-to-peer trading*) á sér stoð 18. tölul. 2. gr. tilskipunarinnar er átt við viðskipti með raforku milli notenda á grundvelli samnings sem getur farið fram annaðhvort beint milli aðila eða með milligöngu markaðsaðila, svo sem raforkusala, orkusafnara eða annars aðila sem annast framkvæmd og uppgjör viðskiptanna. Viðskiptin geta byggst á sjálfvirkum viðskiptakerfum eða öðrum sambærilegum lausnum. Hugtakið er jafnframt notað í nýju efnisákvæði frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um rétt notenda til að stunda slík viðskipti.

Skilgreiningin á *orkusamfélagi* (*e. renewable energy community*) byggist á 16. tölul. 2. gr. tilskipunarinnar og undirstrikar að um sé að ræða lögaðila þar sem meginmarkmiðið er efnahagslegur, umhverfislegur og félagslegur ávinningur í nærsamfélaginu frekar en fjárhagslegur ágóði. Megintilgangur orkusamfélags er ekki að skila fjárhagslegum hagnaði heldur að skapa félagslegan, umhverfislegan eða efnahagslegan ávinning fyrir aðila og/eða nærsamfélagið. Með þessu er stuðlað að aukinni þátttöku almennings í orkuskiptum og dreifðri framleiðslu endurnýjanlegrar orku.

Loks er lagt til að hugtakið *virkur notandi* (*e. renewables self-consumer*) verði lögfest, sbr. 14. tölul. 2. gr. tilskipunarinnar, en þar er átt við almennan notanda sem stígur skrefið yfir í að framleiða til eigin nota, geyma eða selja án þess þó að það teljist hans aðalatvinnustarfsemi.

Um 13. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að ný málsgrein bætist við 16. gr. raforkulaga. Reglugerðarheimildin veitir ráðherra reglugerðarheimild til að laga starfsumgjörð dreifiveitna að nýjum veruleika þar sem virkir notendur og orkusamfélög taka þátt á raforkumarkaði. Ákvæðið er liður í innleiðingu á 21. og 22. gr. tilskipunarinnar, þar sem aðildarríkjum er gert að tryggja að einstaklingar, fyrirtæki og orkusamfélög geti tekið virkan þátt í raforkukerfinu með því að framleiða, geyma, neyta og selja raforku úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Jafnframt leggja ákvæði tilskipunarinnar ríka áherslu á að stjórnsýslulegar og tæknilegar reglur séu gagnsæjar, gæti meðalhófs og feli ekki í sér óþarfa hindranir fyrir slíka starfsemi.

Í raforkulögum lögum hvílir rík tengiskylda á dreifiveitum sem og skylda til að mæla með nákvæmum hætti þá raforku sem afhent er úr eða mötuð inn á dreifikerfið. Í reglugerð nr. 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar eru gerðar ríkar kröfur um raforkumælingar og uppgjör allrar raforku.

Tilskipunin gerir kröfu um að einfalda skuli stjórnsýslu og yfirferð á tengingum minni framleiðslueininga, svo sem með einfölduðu tilkynningarferli (*e. simple-notification*

procedure) fyrir búnað undir ákveðnum stærðarmörkum. Það leiðir af 13. gr. frumvarpsins að með reglugerð þarf að draga úr stjórnsýslubyrði og tryggja að tæknileg skilyrði dreifiveitna verði ekki óþarfa þröskuldur fyrir smærri aðila, á sama tíma og dreifiveitum er gert kleift að uppfylla áfram lögbundna skyldu sína um áreiðanleika og öryggi kerfisins.

Um 14. gr.

Ákvæðið byggist á 2. mgr. 21. gr. tilskipunarinnar sem mælir fyrir um að virkir notendur og orkusamfélög skuli ekki sæta óhóflegum eða mismunandi gjöldum eða hindrunum, sérstaklega varðandi þá orku sem verður til og er neytt innan sömu fasteignar. Ákvæðinu er fyrst og fremst ætlað að tryggja að gjaldskrár og framkvæmd dreifiveitna styðji við þá auknu þátttöku neytenda í orkuskiptum sem tilskipunin gerir ráð fyrir, án þess að ganga gegn grundvallarsjónarmiðum raforkulaga um öruggan rekstur raforkukerfisins og kostnaðarendurspeglandi gjaldskrár.

Lagt er til að við 17. gr. a raforkulaga bætist ný málsgrein þar sem kveðið er á um að gjaldskrár dreifiveitna skuli taka sérstakt mið af virkum notendum og orkusamfélögum. Með ákvæðinu er áréttað að gjaldskrár dreifiveitna skuli gera ráð fyrir og taka tillit til þessara aðila. Það felur ekki í sér að virkir notendur eða orkusamfélög skuli almennt njóta lægri gjalda en aðrir notendur eða vera undanþegin greiðslu fyrir notkun dreifikerfisins. Gjaldskrár skulu eftir sem áður byggjast á almennum meginreglum raforkulaga um kostnaðargrundvöll, jafnræði og gagnsæi. Í síðari málslíð ákvæðisins er er mælt fyrir um að dreifiveitum sé óheimilt að hindra rétt þessara aðila til að framleiða, neyta, geyma eða selja eigin raforku. Þannig verði áréttað að dreifiveitum sé óheimilt að hindra að notendur geti nýtt þessi réttindi, hvorki með skilmálum tengingar né gjaldskrár eða annarri framkvæmd. Ákvæðið felur þó ekki í sér að dreifiveitum sé óheimilt að gera eðlilegar tæknilegar eða rekstrarlegar kröfur vegna nettenginga eða rekstraröryggis raforkukerfisins. Dreifiveitum verður áfram heimilt að setja málefnaleg skilyrði sem byggjast á öryggi raforkukerfisins, gæðum raforku og öðrum lögmætum sjónarmiðum, enda séu slík skilyrði byggð á hlutlægum og gagnsægjum forsendum og gildi jafnt um sambærilega notendur.

Um 15. gr.

Í 18. gr. raforkulaga er kveðið á um að leyfi Raforkueftirlitsins þurfi til að stunda raforkuviðskipti. Lagt er til að við 18. gr. raforkulaga bætist ný málsgrein þar sem kveðið er á um að ákvæði 1. mgr. greinarinnar um leyfisskyld raforkuviðskipti taki ekki til sölu umframraforku af hálfu virkra notenda, jafningjaviðskipta milli slíkra aðila eða raforkuviðskipta sem fara fram innan orkusamfélaga. Breytingin samræmist röksemdum að baki 2. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 22. gr. tilskipunarinnar um að virkir notendur og orkusamfélög eigi rétt á að taka þátt á markaði án þess að mæta óhóflegum stjórnsýslubyrðum. Samkvæmt tilskipuninni skulu virkir notendur eiga rétt á að selja umframraforku sína, meðal annars með jafningjaviðskiptum, án þess að sæta mismunandi eða óhóflegum málsmeðferðum eða gjöldum og án þess að missa stöðu sína notendur orku. Til að þessi réttindi verði virk samkvæmt íslenskum rétti er nauðsynlegt að afmarka gildissvið leyfisskyldu samkvæmt 18. gr. raforkulaga gagnvart slíkum viðskiptum.

Um 16. gr.

Lagt er til að á eftir 18. gr. a raforkulaga komi nýtt ákvæði, 18. gr. b, með fyrirsögninni *Orkusamfélög, virkir notendur og jafningjaviðskipti*. Markmið ákvæðisins er að festa í sessi réttindi notenda til að taka virkan þátt í raforkumarkaði með því að gerast virkir notendur, þátttöku í orkusamfélögum og jafningjaviðskiptum.

Með 1. mgr. er kveðið á um starfsemi orkusamfélaga. Með ákvæðinu fá slík samfélög, sem lúta raunverulegum yfirráðum félagsmanna í nærsamfélaginu, skýran rétt til að framleiða, geyma, neyta og selja raforku, sem og að deila henni innbyrðis.

Sett er fram efnisregla um réttindi og þátttöku orkusamfélaga á raforkumarkaði. Í tilskipuninni er gert ráð fyrir að orkusamfélag sé sjálfstæður lögaðili sem byggist á opinni og frjálsri þátttöku og sé í raun stjórnað af einstaklingum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum eða staðbundnum stjórnvöldum, þ.m.t. sveitarfélögum. Meginmarkmið slíks samfélags er að veita félagsmönnum sínum eða nærsamfélagi umhverfislegan, efnahagslegan eða félagslegan ávinning fremur en fjárhagslegan hagnað. Ákvæðið kveður jafnframt á um að aðild að orkusamfélagi skuli byggjast á opinni og frjálsri þátttöku. Með því er átt við að þátttaka skuli vera valkvæð og að aðgangur að samfélaginu skuli ekki háður ómálefnalegum eða mismunandi skilyrðum. Þá er mælt fyrir um að raunveruleg yfirráð í orkusamfélagi skuli vera í höndum einstaklinga, lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða viðkomandi sveitarfélags. Markmið þessa skilyrðis er að tryggja að orkusamfélög verði raunverulega samfélagsleg og staðbundin úrræði, en ekki form fyrir hefðbundna atvinnustarfsemi stærri orkufyrirtækja, fjárfesta eða stórnótenda. Loks er tekið fram að þátttaka lögaðila í orkusamfélagi sé heimil enda sé þátttaka í samfélaginu ekki meginatvinnurekstur viðkomandi. Með þessu er áréttað að fyrirtæki geta tekið þátt í orkusamfélögum, t.d. sem notendur, framleiðendur eða eigendur minni framleiðslueininga, en þátttakan má ekki verða að meginstarfsemi þeirra. Skilyrðið er ætlað að koma í veg fyrir að orkusamfélög verði notuð sem almennur vettvangur atvinnurekstrar á raforkumarkaði fremur en sem tæki til að virkja þátttöku almennra notenda, minni fyrirtækja og sveitarfélaga í framleiðslu og nýtingu endurnýjanlegrar raforku.

Í 2. mgr. er kveðið á um sjálfstæðan rétt virkra notenda. Nýmælið felst einkum í því að heimila almennum notendum að nýta raforkukerfið til að selja umframraforku sína eða taka þátt í jafningjaviðskiptum, og er sérstaklega kveðið á um rétt þeirra til að starfa í samlagi. Þetta tryggir aðstöðujöfnuð þeirra sem búa í fjölbýlishúsum eða deila atvinnuhúsnæði.

Í 3. mgr. er hugtakið jafningjaviðskipti nánar útfært. Viðskiptin geta farið fram beint milli aðila eða með aðstoð þriðja aðila (t.d. orkusafnara eða sölufyrirtækis) sem veitir tæknilegan og viðskiptalegan vettvang fyrir uppgjörið. Áréttað er að slík viðskipti raska ekki öðrum lögbundnum skyldum eða neytendaréttindum viðkomandi aðila. Uppgjör raforku, mælingar og skráning hjá dreifiveitu fara að öðru leyti fram samkvæmt almennum reglum um raforkuviðskipti.

Um 17. gr.

Með greininni er lögð til hækkun á raforkueftirlitsgjaldi skv. 1. mgr. 31. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd raforkueftirlits og er greitt af flutningsfyrirtæki og dreifiveitum.

Raforkueftirlitið þarf meðal annars að hafa eftirlit með því að dreifiveitur hindri ekki rétt þessara nýju aðila til framleiðslu, deilingar og sölu raforku, hafa eftirlit með gjaldskrár dreifiveitna gagnvart þessum hópum og fylgjast með að óréttmætum hindrunum sé rutt úr vegi á markaði.

Í greininni er lagt til að 1. gr. laga nr. 40/2013, um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, verði endurorðuð og að fyrirsögn greinarinnar verði „Markmið og gildissvið“.

Með breytingunni er markmið laganna skýrt með almennari hætti en í gildandi lögum. Lagt er til að markmið laganna verði að stuðla að aukinni notkun endurnýjanlegs eldsneytis og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með hagkvæmum og skilvirkum hætti. Með því er lögð áhersla á að lögin þjóni bæði markmiðum um aukna hlutdeild endurnýjanlegrar orku í samgöngum og markmiðum um samdrátt í losun.

Jafnframt er lagt til að gildissvið laganna verði skýrt. Lögin taki til eldsneytis og orku sem notuð eru til að uppfylla skyldur samkvæmt lögnum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra. Þá verði tekið fram að lögin gildi einnig um sjálfbærnivíðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, gögn og upplýsingar, rekjanleika, vottun, skráningu og eftirlit vegna eldsneytis sem fellur undir lögin eða reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Um 19. gr.

Í greininni er lagt til að nýjar orðskýringar bætist við 2. gr. laganna. Markmiðið er að samræma hugtakanotkun laganna við tilskipun Evrópuþingsis og ráðsins (ESB) 2018/2001 og skapa skýrari lagagrundvöll fyrir framkvæmd reglna um endurnýjanlegt eldsneyti, sjálfbærnivíðmið, rekjanleika og skráningu.

Lagt er til að hugtakið eldsneytisbirgir verði skilgreint. Hugtakið tekur við af eldra hugtaki laganna, söluaðili eldsneytis, og vísar til aðila sem í atvinnuskyni afhendir eldsneyti eða orku til notkunar í samgöngum á markaði hér á landi og ber, eftir því sem við á, ábyrgð á greiðslu kolefnisgjalds eða annarra sambærilegra opinberra gjalda af eldsneytinu eða orkunni. Með hugtakinu er tekið mið af því hvernig skyldur samkvæmt tilskipuninni beinast að þeim aðila sem setur eldsneyti eða orku á markað til notkunar í samgöngum.

Þá er lagt til að skilgreind verði hugtök sem varða tiltekna eldsneytisflokka samkvæmt tilskipuninni. Þar má nefna endurnýjanlegt eldsneyti af ólífrænum uppruna, endurunnið kolefniseldsneyti, fljótandi lífildsneyti, háþróað lífildsneyti og lífildsneyti sem skapar litla áhættu á óbeinum breytingum á landnýtingu. Með þessum skilgreiningum er skýrt hvaða eldsneytisflokkar geta komið til skoðunar við uppfyllingu skyldna samkvæmt lögnum, að því gefnu að viðeigandi skilyrði um uppruna, sjálfbærni, losunarsparnað, rekjanleika og skráningu séu uppfyllt.

Lagt er til að hugtakið massajöfnunarkerfi verði skilgreint. Slík kerfi eru mikilvæg við framkvæmd reglna um sjálfbærnivíðmið og rekjanleika, þar sem þau gera kleift að blanda saman sendingum hráefna eða eldsneytis með mismunandi sjálfbærnieinkennum, að því skilyrði uppfylltu að upplýsingar um einkenni og magn fylgi blöndunni áfram og að sama sending sé ekki talin oftari en einu sinni.

Jafnframt er lagt til að hugtakið rekstraraðili verði skilgreint. Með því er vísað til aðila í virðiskeðju hráefna, milliafúrða eða eldsneytis sem hafa umráð yfir slíkum vörum eða bera ábyrgð á upplýsingum um sjálfbærni, uppruna, rekjanleika eða losun. Slíkir aðilar geta m.a. verið framleiðendur hráefnis, söfnunaraðilar úrgangs, vinnsluaðilar, framleiðendur eldsneytis, blöndunaraðilar, geymsluaðilar og viðskiptaaðilar. Skilgreiningin er nauðsynleg þar sem

skyldur samkvæmt tilskipuninni geta ekki aðeins hvílt á eldsneytisbirgjum heldur einnig á öðrum aðilum í virðiskeðju eldsneytis.

Að lokum er lagt til að skilgreindur verði gagnagrunnur ESB. Með því er vísað til gagnagrunns Evrópusambandsins sem ætlað er að tryggja rekjanleika, gagnsæi, skráningu og varnir gegn tvítalningu vegna eldsneytis sem fellur undir EES-reglur um slíkan gagnagrunn.

Um 21. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 3. gr. laganna. Breytingarnar eru fyrst og fremst hugtakslegar og miða að því að samræma orðalag greinarinnar við nýja skilgreiningu á eldsneytisbirgi.

Í stað orðanna „söluaðili eldsneytis“ og beygingarmynda þess er lagt til að notað verði hugtakið eldsneytisbirgir. Með því er tryggt að sama hugtak sé notað í lögunum um þann aðila sem ber skyldur vegna afhendingar eldsneytis eða orku til notkunar í samgöngum.

Um 22. gr.

Í greininni er lagt til að 4. gr. laganna verði endurorðuð og að fyrirsögn hennar verði „Sjálfbærniviðmið, samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda og rekjanleiki“.

Með greininni er lagt til að skýrt verði kveðið á um að rekstraraðilar og eldsneytisbirgjar skuli, eftir því sem við á, sýna fram á að eldsneyti sem fellur undir lögin uppfylli viðeigandi skilyrði um endurnýjanlegan uppruna, sjálfbærniviðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, rekjanleika, vottun og skráningu. Þetta á einkum við þegar eldsneyti er notað til að uppfylla skyldur samkvæmt lögunum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra.

Í greininni er jafnframt lagt til að lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti megi aðeins telja til markmiða eða nota til að uppfylla skyldur samkvæmt lögunum ef sýnt er fram á að viðeigandi sjálfbærniviðmið og kröfur um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda séu uppfyllt.

Þá er kveðið á um hvaða gögn og upplýsingar geti nýst til að sýna fram á að skilyrði greinarinnar séu uppfyllt. Þar er vísað til gagna frá viðurkenndu vottunarkerfi, færslna í gagnagrunni ESB, gagna úr massajöfnunarkerfi eða annarra gagna sem Umhverfis- og orkustofnun metur fullnægjandi.

Að lokum er ráðherra veitt heimild til að setja í reglugerð nánari ákvæði um sjálfbærniviðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, massajöfnun, gögn og upplýsingar, vottun, sannprófun, útreikning losunar gróðurhúsalofttegunda, hráefni, framleiðsluferli, rekjanleika og önnur atriði sem nauðsynleg eru til framkvæmdar EES-reglna.

Um 23. gr.

Í greininni er lagt til að ný grein, 4. gr. a, bætist við lögin og fjalli um skráningarskyldu í gagnagrunn.

Ákvæðið er ætlað að skapa lagastoð fyrir skráningu upplýsinga í gagnagrunn ESB. Samkvæmt ákvæðinu skulu eldsneytisbirgjar og rekstraraðilar skrá upplýsingar um viðskipti og sjálfbærnieinkenni eldsneytis sem lögin taka til, þ.m.t. upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli eldsneytisins frá framleiðslustað til þess aðila sem setur eldsneytið á markað.

Gert er ráð fyrir að skráning taki, eftir því sem við á, til upplýsinga um uppruna hráefna, magn, eiginleika, framleiðsluferli, sjálfbærniviðmið, losun gróðurhúsalofttegunda, vottun,

sannprófun, afhendingu á markað og ráðstöfun eldsneytis til tiltekinnar starfsemi eða notkunargeira.

Skráning í gagnagrunn er ekki sjálfstætt sjálfbærni viðmið, heldur tæki til að sýna fram á, rekja og sannreyna að viðeigandi skilyrði um sjálfbærni, uppruna, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og ráðstöfun eldsneytis séu uppfyllt. Með slíkri skráningu er jafnframt dregið úr hættu á að sama magn eldsneytis sé talið oftari en einu sinni.

Í greininni er jafnframt lagt til að Umhverfis- og orkustofnun hafi eftirlit með framkvæmd skráningarskyldunnar. Stofnuninni verði heimilt að krefjast upplýsinga, gagna, leiðréttinga og skýringa sem nauðsynlegar eru til að sannreyna réttmæti skráninga, rekjanleika, sjálfbærni viðmið, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og að eldsneyti sé ekki talið fram oftari en einu sinni.

Ráðherra er veitt heimild til að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd skráningarskyldunnar, þar á meðal um hvaða aðilar skuli skrá upplýsingar, hvaða upplýsingar skuli skrá, skilafresti, leiðréttingar, varðveislu gagna, sannprófun og aðgang Umhverfis- og orkustofnunar að gögnum.

Um 24. gr.

Í greininni er lagt til að við 6. gr. laganna bætist ný ákvæði um viðbrögð við vanrækslu á skráningu í gagnagrunn eða veitingu rangra, villandi eða ófullnægjandi upplýsinga.

Samkvæmt ákvæðinu skal Umhverfis- og orkustofnun senda viðkomandi aðila áskorun um úrbætur innan þriggja vikna ef rekstraraðili eða eldsneytisbirgir lætur hjá líða að skrá upplýsingar í gagnagrunn, veitir rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar eða sinnir ekki kröfu stofnunarinnar um úrbætur. Verði ekki bætt úr innan frestsins má ekki telja viðkomandi eldsneyti til uppfyllingar skyldna samkvæmt lögnum.

Jafnframt er lagt til að Umhverfis- og orkustofnun geti lagt stjórnvaldssekt á rekstraraðila eða eldsneytisbirgi sem verður ekki við áskorun um úrbætur. Við ákvörðun sektar skal m.a. líta til alvarleika brots, þess hvort brot hafi verið ítrekað, hvort það hafi verið framið af ásetningi eða gáleysi, hvort rangar eða ófullnægjandi upplýsingar hafi haft áhrif á talningu eldsneytis til markmiða eða skyldna, hvort aðili hafi haft fjárhagslegan ávinning af broti og hvort gripið hafi verið til ráðstafana til að bæta úr broti.

Ákvæðið er nauðsynlegt til að tryggja að skráningarskylda samkvæmt lögnum verði virk í framkvæmd og að Umhverfis- og orkustofnun hafi fullnægjandi úrræði til að bregðast við brotum.

Um 25. gr.

Í greininni er lagt til að við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein þar sem tekið er fram að lögin feli jafnframt í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2025.

Um 26. gr.

Í greininni er lagt til að heiti laganna verði breytt og að þau heiti framvegis lög um endurnýjanlegt eldsneyti.

Breytingin er lögð til þar sem gildissvið laganna verður með frumvarpinu rýmra en áður að því leyti að þau taka ekki aðeins til skyldu um lágmarkshlutdeild endurnýjanlegs eldsneytis í samgöngum á landi, heldur einnig til sjálfbærni viðmiða, samdráttar í losun

gróðurhúsalofttegunda, rekjanleika, vottunar, skráningar og eftirlits vegna eldsneytis sem fellur undir lögin eða stjórnvaldsfyrirmæli sett á grundvelli þeirra.

Um 27. gr.

Í greininni er mælt fyrir um innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, sem fellir jafnframt úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB.

Ákvæðið er almenn innleiðingargrein frumvarpsins og tekur til þeirra ákvæða frumvarpsins sem ætlað er að innleiða viðeigandi ákvæði tilskipunarinnar í íslenskan rétt.

Um 28. Gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.